

Stjórnarfundur foreldrafélags GF miðvikudaginn 8. nóv. Kl. 17 á Siglufirði

Mættar eru: Hugborg Inga Harðardóttir, formaður, Telma Björk Birkisdóttir, gjaldkeri, Katrín Freysdóttir, ritari, Diljá Helgadóttir, Björk Óladóttir, Guðrún Þorvaldsdóttir og Katrín Andersen.

1. Jólaföndur. Stjórnin fékk sendan lista frá Heimaföndri Halldóru. Ákveðið var að skipta jólaföndrunu í tvennt, þ.e. 1.-3. bekkur yrði þriðjudaginn 5. desember og 4.-6. bekkur yrði miðvikudaginn 6. desember. Valið var Jólakrili fyrir 1.-3. bekk og kostar stykkið 650 kr. Það sem þarf er tússpenni, límbýssa og glimmer eða bómull. Fyrir 4.-6. bekk var valið Gleðileg jól og kostar stykkið 650 kr. Það sem þarf er málning, penslar, límbýssa og tússpennar. Ákveðið var að ritari myndi senda upplýsinga á skólaritar og biðja hann um að senda til vetrarhóps í hverjum bekk og fá upp fjölda í hverjum bekk. Ritari tók einnig að sér að panta jólaföndrið.
2. Innheimta félagsgjalda. Innheimtan gengur vel, búið er að greiða 111 kröfur af 145. Ákveðið var að taka stöðuna í desember og athuga þá hvort ætti að senda út ítrekun um greiðslu.
3. Segull með útivistartíma. Segullinn er komin í hús og var skólastjóra, Jónínu Magnúsdóttur, falið að dreifa þeim á hvert heimili.
4. Skólapeysur. Áhugi hefur verið sýndur á kaupum á um 50 peysum, sem er ekki nóg. Ákveðið var að senda póst á leikskólastjóra og biðja hann um að senda á foreldra barna í skólahóp leikskólana til að kanna á huga á að kaupa peysu. Einnig var ákveðið að athuga hjá Siglósport að að verð héldist ef keyptar yrðu færri peysur en lagt var upp með í upphafi.
5. Endurskinsmerki. Ákveðið var að athuga með kaup á endurskinsmerkjum hjá Aliexpress, þar sem ekki virðist hægt að kaupa færri en 1000 stk. hjá íslenskum aðilum. Einnig var ákveðið að skoða kaup á endurskinsvestum merkt með nafni hjá Smáprent.
6. Febrúarfundur. Skólastjóri mætti á fundinn undir þessum lið. Skólastjóri stakk upp á Siggu Dögg, kynfræðingi, en hún var hjá okkur 2015 á febrúarfundi. Ákveðið var að skólastjóri myndi athuga í hverju erindi Siggu Daggar fellst, þ.e. hvort eitthvað hafi breyst síðan 2015. Einnig var ákveðið að skólastjóri myndi senda póst á kennara til að kanna hvort að þeir hafi hugmyndir af efni fyrir fundinn.
7. Önnur mál. Guðrún spyr hvort að félagið sé tilbúið til að styrkja komu Ævar vísindamanns. Hann myndi þá koma og lesa fyrir 3.-7. bekk í Tjarnaborg. Samþykkt var að styrkja hann og ætlar Guðrún að sjá um útfærsluna.

Fleira ekki get og fundi slitið kl. 18

Katrín Freysdóttir, ritari